



Þann 11. maí 2016 samþykkti Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar breytingar á reglum um húsnæðismál í sveitarfélaginu, sem kveða á um bann við dýrahaldi í leiguhúsnæði í eigu sveitarfélagsins.

Eftirfarandi bókun var samþykkt á fundi byggðarráðs og staðfest af sveitarstjórn:

*Lögð fram tillaga um að dýrahald verði bannað í leiguhúsnæði í eigu sveitarfélagsins frá og með 1. júní 2016.*

*Ákvæði um bann við dýrahaldi verði bætt inn í leigusamninga og reglur um húsnæðismál í Sveitarfélaginu Skagafirði frá árinu 2014. Þeir sem eru með skráð og samþykkt dýr í dag fái að halda þeim en verði óheimilt að taka ný dýr inn á heimilið.*

Breytingar á reglum þessum tóku gildi 1. júní 2016